

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Félag íslenzkra myndlistarmanna (FÍM) hefur um árabíl stefnt að því að gera haustsýningar félagsins að markvissum og árlegum viðburði, stundum hafa þó liðið tvö ár milli sýninga og hefur þá eingöngu valdið húsnæðisskortur. Ýmsir hallast að því, að nægilegt sé að hafa slíkar sýningar annað hvert ár, því að annars sé hætt á að þær verði of einhæfar, en hér er ég á öðru máli því að árlegar sýningar veita hollt aðhald, marka ákveðnar kröfur til félagsmanna og lyfta undir heilbrigðan metnað.

Væri fróðlegt að gera úttekt á haustsýningum félagsins svo og öllum slíkum samsýningum frá stofnun þess, en sennilega er það torsótt og nær vonlaust verk þar sem heimildir, ljósmyndir og önnur gögn, liggja ekki á lausu og einungis við blaðfréttir og umsagnir í blöðum að styðjast. Ég nefni þetta vegna þess að sl. sumar var mér gefin forlata bók um sýningar Corner-hópsins í Kaupmannahöfn frá stofnun hans fyrir 40 árum og var þar sagt í yfirliti frá öllum árlegum sýningum listhópsins frá upphafi og fylgdu myndir af verkum frá ári til árs auk margs konar annarra upplýsinga. Þetta er aðeins einn listhópur af mörgum slíkum í Kaupmannahöfn og veit ég að til eru fleiri slík afmælisrit og engu óveglegri.

Í því sambandi kom mér í hug hve gagnlegt væri að hafa á milli handa svipað rit um sögu félagsins (FÍM) og samsýningar þess frá upphafi, stofnendur félagsins, sögu Listamannaskálans gamla o.s.frv. Ég tel hér vera verðugt verkefni fyrir listfræðinga eða skólafólk við listsögunám, og vissulega fullgilt efni til lokaprófs og jafnvel doktorsprófs í fræðigreininni. Kem ég þessari hugmynd hér með á framfæri og vil vísa til þess að enn eru ofar moldu ýmsir þeir er geta veitt mikilsverðar upplýsingar, sem ekki eru skráðar né skjalfestar en kunna að hafa mikið sögulegt gildi.

Á síðustu árum hefur áhugi almennings á haustsýningum stórkostur, svo sam sala og aðsókn segja til um. Er mönnum í fersku minni haustsýningin að Kjarvalsstöðum sl. ár, sem öll met sló hvað sölu verka og aðsókn snertir, en þetta var í fyrsta skipti á síðari árum sem félagið hafði fullnægjandi húsrými til ráðstöfunar. — Mál hafa hér illu heilli skipast þannig að félagið varð að leita út fyrir þetta sjálfsagða húsnæði og varð Norræna húsið fyrir valinu sem næst besta lausnin jafnframt því að vera virtasta sýningarhúsnæði í borginni um þessar mundir.

Félagið varð því að sníða sýningunni þrengri stakk að þessu sinni en æskilegt hefði verið og geldur hún þess óneitanlega, og því miður í ríkari mæli en þörf var á. Vegna hinna þrálátu húsnæðisdeilna skipti nú meginmáli að gæði sýningarinnar urðu sem athyglisverðust, að félagið undirstrikaði styrk sinn og stöðu á myndlistarsviði þjóðfélagsins, tæki af allan vafa um virka og blómlega starfsemi. En því miður virðist mér félagið hafa farið of geyst og reist sér hurðarás um öxl með mjög dreiftri sýningarstarfsemi, sem ég get ekki séð að henti við kynningu slíkra haustsýninga. Það er ærin starfi fyrir sýningarnefnd að setja upp haustsýningu, svo að sómi sé að, fyrir því er fengin reynsla. Það má hreint ekkert annað komast að hjá sýningarnefnd en reisn sýningarinnar, svo lengi sem hún er í undirbúningi, því að allt annað hlýtur að dreifa kröftunum og veikja burðarrás sýningarinnar. Það virðist líka koma fram að tímahrak hafi mjög hríð sýningarnefnd við val verka ásamt framkvæmd og uppsetningu sýningarinnar, því að fáir félagsmenn munu ánægðir með sýninguna í ár og ýmsir telja hana eina þá risminnstu um langt árabíl. Þá er talið að sýningarnefndin sjálf sé ekki alls kostar ánægð með útkomuna hvort sem, ástæðan er minna úrval innsendra verka eða sýningin sem heild. Sýningin virðist slétt og felld, næsta falleg á köflum, en skortir áttök og djúpa köfun og krufningu umþeimings; þegar slíkt er reynt skortir iðulega tæknilega getu. Vafaltíð er sýningin engu síðri

mörgum fyrri sýningum, en einhvern veginn gerir maður meiri kröfur til þessarar sýningar en hún ris undir, og lofsverð athafnasemi getur ekki bætt upp. Án þess að einstök verk séu dæmd sem slík virðist of mikið gert að því að nýliðar eigi aðeins eitt verk á sýningunni, en slíkt er fráleitt þegar um kynningu alls óþekktra listspíra er að ræða. Ef viðkomandi ris ekki undir því að sýningarhæfar reynist ekki 2—3 myndir af innsendum verkum hans, þá skil ég ekki tilganginn með sýningu á einu miðlungsverki. Sýnanda er enginn greiði gerður með slíku og það er algjörlega út í bláinn að ætla listrýnum að móta afstöðu til viðkomandi nýliða eftir einu verki, slíkt væri ábyrgðarleysi af þeirra hálfu á hvern veg sem dómar féllu. Hins vegar þola þjóðkunnir listamenn gagnrýni á eigin verk því að þá er hægt vandi að taka mið af fyrri verkum þeirra. Hér er nýliðum dreift um báða sal í horn og útskot þannig, að þeir ná helst þeim árangri að rugla skoðandann og vekja óróleika í heildarmynd sýningarinnar. Það er ekki vandalaust að taka inn nýliða, og þegar það er gert ber að stuðla að því að þeirra hlutur njóti sín til hlítar.

Annað er að félagsmenn virðast ekki átta sig á því að við komumst ekki hjá að hafa uppi svipaðar kröfur til okkar, sem norrænir frændur vorir gera og megum ekki lækka hér



Mynd Jóhannesar Geirs. „Frá Laugarvatni“ þykir sýna bestu hlið listamannsins.

Haustsýningin 1975



Gunnar Örn Gunnarsson: „Módel“. Hér er Gunnar Örn kominn inn á svið klassískrar myndgerðar, sem gerir miklar kröfur til listamannsins og sem hann útfærir á sannfærandi hátt.

kröfur svo sem gert var með snöggsoðinni samþykkt á aðalfundi.

Þetta varðar fleiri en félagsmenn. Við tilkomu slíkar sýningar á Norðurlöndum þurfa væntanlegir sýnendur að greiða a.m.k. í 100 kr. þarlandi mynt er þeir sækja nauðsynlega pappíra til útfyllingar, og auk þess 50 kr. fyrir hverja mynd sem tekin er til sýningar. Peningar sem inn koma eru svo notaðir til ýmissa umsvifa varðandi sýningarnar, váttrygging, uppsetning, auglýsingar, plaköt o.s.frv. Menn verða að þola að myndum þeirra sé hafnað og þess skal getið að fyrir nokkrum árum var 667 listamönnum hafnað varðandi haustsýninguna á Kunstnerenes hus í Osló á endurgreiðslu innskotsfjá.


Hvernig á félag sem ekki á neina sjóði að kosta fjárfrekar athafnir, eða t.d. Listasafnið að kosta yfirlitssýningar þegar fé er ekki fyrir hendi og lágur aðgangseyrir eða jafnvel enginn?

Augljóst má vera að myndlistarmenn verða bráðlega að gera heildarúttekt starfsemi sinni í ljósi

er athyglisverð fyrir margt, sérkennileg í lit og útfærslu, en prófilformið til hægri að neðanverðu virkar hjáleitt í myndheildinni. Ragnheiður J. Ream er orðin mjög öruggur og traustur málari, og báðar myndir hennar á sýningunni eru létt og lifandi málaðar. Barbara Árnason á eitt teppi, sem er margslungið hvað útfærslu snertir, en virkar ofhlaðið af formum. Sigríður Björnsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Jóhanna Bogadóttir og Þorbjörg Pálsdóttir virðast mér ekki auka sinn fyrri orðstír.

Svo sem fram komu í þessari upptalningu njóta valkyrjur sýningarinnar kvennaársins, en ekki verður þar numið staðar. — Einar Þorláksson á mjög lifandi og fallega mynd í akril, sem er í miðri af þrem myndum sem eru framlag hans til sýningarinnar. Gunnar Örn Gunnarsson virðist mitt í mikilli ólgu hvað myndstíl áhræfir, framlag hans er bæði sterkt og sannfærandi, en myndir hans hanga ekki á hentugum stað svo að þær koma

ekki nægilega vel til skila. Eyjólfur Einarsson sýnir vönduðustu vinnubrögð sem frá honum hafa komið, bæði í lit og formi. Sterk bruðargrind er í mynd Hafsteins Austmanns nr. 21. Hringur Jóhannesson er myndstíl sínum trúr en framlag hans í fyrra var meira sannfærandi. Hrólfr Sigurðsson staðfestir traust og skapheit vinnubrögð. Minni mynd Sigurðar Örylgssonar er mjög hugþétt, og sama er að segja um verk félaga hans Magnúsar Kjartanssonar sem unnar eru í klippmyndatækni, eru þær allar mjög menningarlegar í lit, einkum miðmyndin (83). Dæmi um sterkar landslagsmyndir sé ég í myndum þeirra Jóhannesar Geirs (29), Einar G. Baldvinssonar (6) og Örylgis Sigurðssonar (50), hin síðastnefnda nýtur sín alls ekki á þeim stað sem henni er markaður. Kjartan Guðjónsson staðfestir fyrri vinnubrögð en hins vegar eru þeir Vilhjálmur Bergsson og Valtýr Pétursson ekki í sókn að þessu Framhald á bls. 47



Klippmyndir Magnúsar Kjartanssonar hafa vakið mikið umtal og óskipta athygli og hvers getur ungur listamaður óskað sér frekar.